

LÖG

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum (tíðavörur og getnaðarvarnir).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

- a. 11. tölul. orðast svo: Getnaðarvarnir sem falla undir vöruliði nr. 3004, 3006, 3926, 4014 og 9021 í tollskrá.
- b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Tíðavörur sem falla undir vöruliði nr. 3926, 4014, 6211 og 9619 í tollskrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2019.

Gjört á Bessastöðum, 24. júní 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.